

17.09.2001

Fr. Jóhanna Björk Weissshappel  
Sjávarlíffræðingur, MS.  
HÖNNUN hf.  
Síðumúla 1  
108 Reykjavík

### **Mat á loftmengun vegna útblásturs bifreiða á Álftanesvegi og Vífilsstaðavegi.**

Samkvæmt beiðni yðar höfum við lagt mat á loftmengun vegna útblásturs bifreiða á fyrirhuguðum Álftanesvegi og Vífilsstaðavegi. Gert er ráð fyrir að hámarksútfærslu um Álftanesveg og Vífilsstaðaveg sé 23.000 bílar á sólarhring. Við mat á loftmenguninni er tekið mið af niðurstöðum skýrslunnar: **“Færsla Hringbrautar Útreikningar á loftmengun”** sem Verkfræðistofan Vatnaskil vann vegna umhverfismats vegna færslu Hringbrautar á milli Bjarkargötu og Rauðarárstígs. Hámarksútfærslu um Hringbraut var áætlað 54.000 bílar á sólarhring. Með hliðsjón af niðurstöðum þeirrar skýrslu, þar sem öllum kröfum mengunarvarnareglugerðar var uppfyllt má draga eftirfarandi ályktanir fyrir Álftanesveg og Vífilsstaðaveg.

1. Styrkur kolmónoxíðs (CO) verður langt innan þeirra marka sem sett eru í mengunarvarnareglugerð.
2. Styrkur köfnunarefnistvíoxíðs (NO<sub>2</sub>) verður vel undir þeim mörkum sem sett eru í mengunarvarnareglugerð fyrir öll meðaltöl.
3. Útreikningar sýna að styrkur svifryks, blýs og brennisteinstvíoxíðs verður vel undir þeim mörkum sem sett eru í mengunarvarnareglugerð. Varðandi óson er óljóst hvaða áhrif umferð hefur á styrk ósons.

Útreikningar bornir saman við ákvæði Evrópusambandsins um köfnunarefnisdíoxíð (NO<sub>2</sub>) sem gilda eftir 2010 sýna að styrkur þess verður langt undir viðmiðunarmörkum.

Við vonum að ofangreindar upplýsingar komi að gagni og erum að sjálfsögðu reiðubúnir til frekara samstarfs.

Virðingarfyllt,

---

Snorri Páll Kjarran